

## 228. fundur stjórnar Atvinnuþróunarfélags Eyjafjarðar,

fimmtudaginn, 31. janúar 2019.

Mættir:

Stjórnarmenn: Dagbjört Pálsdóttir formaður, Ásgeir Örn Blöndal, Katrín Sigurjónsdóttir, Valtýr Hreiðarsson og Unnar Jónsson.

Starfsmenn: Sigmundur Einar Ófeigsson framkvæmdastjóri, Helga María Pétursdóttir og Baldvin Valdemarsson (ritaði fundargerð).

---

Formaður setti fundinn kl. 15.00 og bauð stjórnarmenn velkomna.

### 1. Undirritun fundargerða nr. 226 og 227.

Fundargerðir síðustu tveggja funda undirritaðar án athugasemda.

### 2. Eyping og Akureyrarbær

Ekkert í síðustu fundargerð Eypings gefur tilefni til skoðunar. Eftirfarandi bókun var gerð í bæjarráði Akureyrar 17. janúar s.l.:

*Bæjarráð leggur til að stjórn Akureyrarstofu undirbúi samkeppnis- og markaðsgreiningu á atvinnu- og íbúamarkaði fyrir Akureyrarbæ og farið verði í markaðssetningu í kjölfarið. Bæjarráð leggur til að þetta verði samvinnuverkefni Akureyrarbæjar og Atvinnuþróunarfélags Eyjafjarðar. Jafnframt áréttar bæjarráð mikilvægi þess að farið verði í áttak um færslu opinberra starfa út á landsbyggðirnar.*

Lagt fram til kynningar. Afe mun ræða við Akureyrarstofu varðandi umfang verkefnisins og áætlaðan kostnað.

### 3. Fiskeldisráðstefna í Hofi 19. janúar s.l.

Sagt frá framkvæmd fundarins sem tókst afar vel. Áætlað að 160 manns hafi mætt. Sjö fróðleg erindi voru flutt og stóð fundurinn í rúmar þrjár klst. Katrín Sigurjónsdóttir setti fundinn f.h. Afe og var Helga María Pétursdóttir ráðstefnustjóri. Stjórn vill færa starfsfólki Afe sérstakar þakkir fyrir undirbúning og framkvæmd ráðstefnunnar.

### 4. Ráðstefna Byggðastofnunar í Hveragerði 22. og 23. janúar s.l.

Framkvæmdastjóri og stjórnarformaður sögðu frá fróðlegri tveggja daga ráðstefnu sem Byggðastofnun hélt í Hveragerði í síðustu viku. Farið var yfir helstu stefnur stjórnvalda í byggðamálum og fundað með stýrihóp stjórnarráðsins um byggðamál. Ráðstefnan var vel sótt af landshlutasamtökum, atvinnuþróunarfélögum, og markaðsstofum.

### 5. Uppgjör 2018 og rekstraráætlun 2019

Framkvæmdastjóri kynnti bráðabirgðauppgjör fyrir síðasta ár. Tekjur voru 73,5 m.kr. og gjöld 67,9 m.kr. Hagnaður verður því væntanlega 5,6 m.kr. Tekjur yfirstandandi árs eru áætlaðar 75,7 m.kr. , gjöld 74,0 m.kr. Hagnaður er því áætlaður 1,7 m.kr. Stjórnin samþykkir framlagða fjárhagsáætlun.

### 6. Önnur mál

Farið yfir starfsáætlun ársins og væntanlegt form haustfundar.

Umræður um sameiningu eða samrekstur atvinnuþróunarfélaganna og Eyþings.

Sagt frá fundi með Landsneti um raforkuflutninga.

Starfsmannamál. Sagt frá að Helga María hafi verið ráðin í starf verkefnastjóra hjá Eyþingi. Síðasti starfsdagur hennar hjá Afe er í dag. Stjórn þakkar Helgu fyrir mjög gott samstarf.

Fleira ekki fært til bókar.

**Fundi slitið kl. 16:30**

Oragnón Páladóttir.

Andrið.

Sally.

Sigrún.

Jónsigrún Jónsdóttir

reð.  
Frodo B.